



157. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 5. febrúar 2009 og hófst kl. 16:15.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Krístrún Heimisdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Sigríður Jónsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Helga H. Magnúsdóttir, Helga Steinunn Guðmundsdóttir og Oddný Árnadóttir 2. varamaður.

Forseti setti fund og ræddi stjórnarskiptin sem fram fóru nýverið á Alþingi. Með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar hefur verið skipt um menntamálaráðherra. Bókaðar þakkir fundarmanna til fráfarandi menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og heillaóskir til Katrínar Jakobsdóttur nýs ráðherra.

1. Íþróttaping

Forseti óskaði eftir tillögum og ályktunum frá fundarmönnum til að leggja fram í nafni stjórnarinnar til Íþróttapings. Málið verður aftur á dagskrá á næsta fundi framkvæmdastjórnarinnar þann 26. febrúar nk.

Varaforseta og gjaldkera falið að skoða möguleika til breytinga á fjölda fulltrúa á Íþróttapingi í ljósi þess að þingið fer sístækkandi.

2. Útbreiðslustyrkur til sérsambanda ÍSÍ

Gjaldkeri lagði fram tillögu að skiptingu útbreiðslustyrks til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

3. Ríkisstyrkur til sérsambanda ÍSÍ

Gjaldkeri lagði fram tillögu að skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

Rætt um möguleika á að stofna sérsamband sem hefði með að gera allar þær íþróttagreinar sem ekki ná tiltekinni útbreiðslu á landsvísu til stofnunar sérsambands.

4. Ólympísk verkefni

Vetrarólympíuhátíð æskunnar verður haldin í Slask-Beskidy dagana 14.-21. febrúar nk. Forseti mun sækja hátíðina.

Undirbúningur fyrir Smáþjóðaleikana á Kýpur í júní stendur yfir. Samþykkt að sérsamböndin greiði hámark 100 þúsund á mann vegna þátttöku í leikunum. ÍSÍ greiðir kostnað umfram 100 þúsund á mann. Örn Andrésson skýrði frá því að fjarlægðir á milli keppnisstaða flæktu málin varðandi fararstjórn.

Sumarólympíuhátíð æskunnar verður haldin í Tampere í Finnlandi í júlí nk.

5. Ferðasjóður íþróttafélaga

Lögð fram tillaga að úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða sem farnar voru á árinu 2008. Til úthlutunar eru 59 milljónir króna.

Tillagan samþykkt. Stefnt að úthlutun síðar í febrúarmánuði eftir að búið er að kynna úthlutunina fyrir fulltrúum menntamálaráðuneytisins.

6. Heiðursráð

Frestað.

7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 156.fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráð 2. fundur
- Fræðsluvið frá 27. janúar sl.
- Laganefnd frá 20. janúar sl.

Varaforseti skýrði fundargerð Laganefndar frá 20. janúar sl. **Samþykkt.**

- Afrekssjóður frá 26. janúar, 28. janúar, 2. febrúar og 4. febrúar

Örn Andrésson skýrði tillögur Afrekssjóðs að styrkveitingum. **Samþykkt.**

Kristrún Heimisdóttir þakkaði það svigrúm sem hún hefur fengið til að sinna störfum sínum sem aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

Forseti þakkaði sjóðnum vel unnin störf.

- Fjármálaráð frá 21. janúar sl.
- SÍÓ frá 27. janúar sl.

8. Þing og fundir

Farið yfir þing og fundi sem framundan eru.

9. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar eru áætlaðir 26. febrúar og 19. mars nk.

10. Önnur mál

Forseti skýrði frá fundi sem hann, gjaldkeri ÍSÍ og framkvæmdastjóri ÍSÍ áttu með útvarpsstjóra um íþrótttaumfjöllun í Ríkissjónvarpinu. Framkvæmdastjóri mun funda fljótlega með Margréti Marteinsdóttur og fara yfir þau verkefni sem framundan eru.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari